Árið 2011 bárust fimm mál sem talin voru varða við 211. gr. alm. hgl. Þrjú brotanna voru fullframin og tvö tilraun. Í einu máli, þar sem brot var fullframið, var viðkomandi sýknaður af refsikröfu en dæmdur til að sæta öryggisgæslu. Í einu máli var ákært fyrir 211. gr. en í héraði var málið heimfært undir 1. mgr. 212 gr. alm. hgl.

Á árinu 2012 bárust sex mál sem talin voru varða við 211. gr. alm. hgl. Eitt brot var fullframið og var ákærði dæmdur í 16 ára fangelsi í héraðsdómi. Málinu var áfrýjað og var héraðsdómur staðfestur í Hæstarétti. Fimm málanna voru tilraunabrot. Ákært var í öllum þeirra og sakfelld í fjórum, en eitt málið var heimfært undir 2. mgr. 218. gr. alm. hgl., í héraði og var því áfrýjað til Hæstaréttar og heimvísað og lokið í héraði sem broti gegn 2. mgr. 218. gr. alm. hgl.

Á árinu 2013 bárust sex mál sem talin voru varða við 211. gr. alm. hgl. Eitt brot var fullframið og var ákærði dæmdur í 16 ára fangelsi í héraði, var dóminum áfrýjað. Hæstiréttur staðfesti dóm héraðsdóms. Ákært var fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. alm. hgl., í einu máli sem lögreglan hafði heimfært undir 211. gr. alm. hgl. Var sýknað í því máli í héraði og er það í áfrýjun. Fjögur mál vörðuðu tilraunabrot og var ákært í þeim öllum og var sami aðili ákærður í tveimur þeirra. Voru öll mál dæmd í héraði fyrir áramót, eitt málið var heimfært undir 2. mgr. 218. gr. alm. hgl..

Á árinu 2014 bárust sex mál er vörðuðu við 211. gr. alm. hgl. Allt voru þetta tilraunabrot. Búið er að gefa út ákæru í öllum málunum. Sýknað var af refsikröfu, en dæmd öryggisgæsla í einu málinu og sakfelld í fimm málum. Þrjú málanna voru heimfærð undir 2. mgr. 218. gr. alm. hgl. í niðurstöðu héraðsdóms. Tveimur málum var áfrýjað og var sakfelling staðfest í öðru, en í hinu var staðfest öryggisgæsla.

Líkamsárás (2. mgr. 218 gr. hgl.)																	
Ár	Alls			Niðurfellt		Ákært		Sýknað í héraðsdómi		Sakfelld í héraðsdómi		Áfrýjað	Sýknað í Hæstarétti		Sakfelld í Hæstarétti	Ódæmt í Hæstarétti	Óafgr.
	Fjöldi	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	
2010	69	10	14	56	81	8	12	46	67	9	3	6	0	0			
2011	50	7	14	40	80	3	6	35	70	6	0	6	0	0			
2012	58	7	12	44	76	8	14	36	62	11	1	9	0	0			
2013	68	11	16	52	76	8	12	44	65	9	1	5	1	0			
2014	55	2	4	51	93	5	9	42	76	9	1	4	4	0			

Í ofangreindri töflu má sjá tölur yfir fjölda mála sem heimfærð hafa verið undir 2. mgr. 218. gr. alm. hgl. og bárust ríkis-saksóknara undanfarin fimm ár. Hér er um að ræða líkamsárásir sem af hlýst stórfelld líkams- eða heilsutjón eða líkams-árásir sem taldar eru sérstaklega hættulegar vegna þeirrar aðferðar sem notuð er.

Á árinu 2009 bárust 84 mál þar sem brot var talið varða við 2. mgr. 218. gr. alm. hgl. Gefnar voru út ákæru í 66 málum og 15 mál felld niður. Tveimur málum var lokið með niðurfellingu saksóknar og einu lokið með ákærufræstun. Í sex málum var brot talið varða við 217. gr. og í þremur málum var brot talið varða við 1. mgr. 218. gr. alm. hgl.

Árið 2010 bárust 69 mál þar sem brot var talið varða við 2. mgr. 218. gr. alm. hgl. Gefnar voru út ákæru í 55 málum, 10 mál voru felld niður. Þremur málum var lokið með niðurfellingu saksóknar og ein ákæra var afturkölluð. Í einu máli var sýknað af refsikröfu en viðkomandi látinn sæta öryggisgæslu.

Árið 2011 bárust 50 mál þar sem brot var talið varða við 2. mgr. 218. gr. alm. hgl. Gefnar voru út ákæru í 40 málum, þar af var ákært í einu máli fyrir 1. mgr. 218. gr. alm. hgl., og sjö mál voru felld niður. Tveimur málum var lokið með ákærufræstun. Eitt mál varðaði 217. gr. alm. hgl., og var endursent viðkomandi embætti til afgreiðslu. Tvö mál voru sameinuð í eina ákæru.

Árið 2012 bárust 58 mál þar sem brot var talið varða við 2. mgr. 218. gr. alm. hgl. Gefnar voru út ákæru í 44 málum og sjö mál felld niður. Sjö málanna er bárust reyndust varða við 217. gr. alm. hgl., og voru þau öll endursend viðkomandi embættum og eitt mál var heimfært undir 1. mgr. 218. gr. alm. hgl. Þrjú mál voru sameinuð í eina ákæru, þar sem 10 einstaklingar voru ákærðir.

Árið 2013 bárust 68 mál þar sem brot var talið varða við 2. mgr. 218. gr. alm. hgl. Ákæru hafa verið gefnar út í 52 málum og 11 mál felld niður. Þrjú mál bárust sem lögreglustjórar töldu varða við 2. mgr. 218. gr. alm. hgl., en reyndust varða við 217. gr. alm. hgl. Tvö þeirra voru endursend viðkomandi embætti til meðferðar, en ákært var í einu hjá ríkissaksóknara.

Árið 2014 bárust 55 mál þar sem brot var talið varða við 2. mgr. 218. gr. alm. hgl. Eitt mál kom sem 2. mgr. 218. gr. alm. hgl., en varðaði 1. mgr. 218. gr. alm. hgl., og var því endursent viðkomandi embætti. Eitt mál var sent í sáttamiðlun. Ákært var í 51 máli fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. alm. hgl., en í einu máli var ákært fyrir 1. mgr. 218. gr. alm. hgl. Í fimm málum þar sem ákært var fyrir 2. mgr. 218. gr. alm. hgl., var brotið heimfært undir 217. gr. alm. hgl., og í tveimur málum þar sem ákært var fyrir 2. mgr. 218. gr. alm. hgl., var brotið heimfært undir 1. mgr. 218. gr. alm. hgl. Tvö mál voru felld niður.

Fíkniefnabrot (173 gr. a.hgl.)																	
Ár	Alls			Niðurfellt		Ákært		Sýknað í héraðsdómi		Sakfelld í héraðsdómi		Áfrýjað	Sýknað í Hæstarétti		Sakfelld í Hæstarétti	Ódæmt í Hæstarétti	Óafgr.
	Fjöldi	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	
2010	12	0	0	12	100	1	8	11	92	4	0	4	0	0			
2011	14	0	0	14	100	1	7	13	93	4	1	3	0	0			
2012	12	0	0	12	100	0	0	12	100	2	0	2	0	0			
2013	13	0	0	11	85	0	0	11	85	3	0	2	1	0			
2014	4	0	0	3	50	0	0	2	50	0	0	0	0	1			

Í ofangreindri töflu má sjá tölur yfir fjölda mála sem heimfærð hafa verið undir 173. gr. a. alm. hgl., þ.e. stórfelld fikni-efnabrot og bárust ríkissaksóknara undanfarin fimm ár.

Á árinu 2009 bárust 11 mál. Ákært var í 10 málum og eitt mál fellt niður. Sakfelld var í þeim öllum. Fimm málum var áfrýjað til Hæstaréttar, var sakfelld í fjórum en einu máli er enn ólokið í Hæstarétti. Í fjórum málum þar sem sakborningar voru fleiri en einn voru málin felld niður á hendur sumum þeirra en aðrir ákærðir í sama máli.

Árið 2010 bárust 12 mál. Ákært var í þeim öllum. Sakfelld var í 11 málum en sýknað í einu máli. Fjórum málum var áfrýjað og var sakfelld í þeim öllum. Í fimm málum þar sem sakborningar voru fleiri en einn voru málin felld niður á hendur sumum þeirra en aðrir ákærðir í sama máli. Í einu máli voru tveir aðilar sýknaðir í héraði, áfrýjaði ákærvaldið á annan aðilann. Í einu máli voru þrjú ákærðir, þar var einn sýknaður og tveir sakfelldir í héraði. Í einu máli voru tveir ákærðir, annar var sýknaður og hinn sakfelldur.

Árið 2011 bárust 14 mál. Gefnar hafa verið út ákærur í þeim öllum. Sakfelld var í 13 málum en sýknað í einu máli. Fjórum af þeim málum var áfrýjað til Hæstaréttar. Hæstiréttur sýknaði í einu málinu en sakfelldi í þremur. Í sex málum þar sem sakborningar voru fleiri en einn voru málin felld niður á hendur sumum þeirra en aðrir ákærðir í sama máli.

Árið 2012 bárust 12 mál. Ákært var í þeim öllum og sakfelld í þeim öllum. Í einu máli þar sem sakborningar voru fleiri en einn voru málin felld niður á hendur sumum þeirra en aðrir ákærðir í sama máli. Í einu máli þar sem þrjú sakborningar voru í málinu, voru gefnar út tvær ákærur. Búið er að ljúka málinu að því er varðar tvo ákærðu, en þeir voru sakfelldir í héraði. Áfrýjuðu þeir þeim dómi og heimvísaði Hæstiréttur því máli. Héraðsdómur sakfelldi þá síðan aftur og stendur sá dómur. Enn á eftir að ljúka málinu að því er varðar þriðja sakborninginn vegna veru hans erlendis.

Árið 2013 bárust 13 mál sem talin voru varða við 173. gr. a alm. hgl. Gefnar voru út ákærur í 11 málum. Tvö málanna voru endursend viðkomandi embætti þar sem málin vörðuð brot á lögum um ávana- og fikniefni. Í tveimur málum, þar sem sakborningar voru fleiri en einn, voru málin felld niður á hendur nokkrum en aðrir ákærðir í sama máli. Einu máli er enn ólokið í Hæstarétti.

Á árinu 2014 bárust fjögur mál sem talin eru varða 173. gr. alm. hgl. Gefin hefur verið út ákæra í þremur málum. Eitt mál er enn óafgreitt.

Kynferðisbrot

Á árinu 2014 voru gefnar út fjórar ákærur þar sem tvö mál voru sameinuð í hverri ákæru og í einni ákæru voru 9 mál sameinuð í eina.

Kynferðisbrot (194.-199. gr. hgl.)

Ár	Alls			Niðurfelld		Ákært		Sýknað í héraðsdómi		Sakfelld í héraðsdómi		Áfrýjað Fjöldi	Sýknað í Hæstarétti		Sakfelld í Hæstarétti		Ódæmt í Hæstarétti Fjöldi	Ólokin mál Fjöldi
	Fjöldi	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%		Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi		
2008	46	32	69.6	14	30	6	43	7	50	7	3	4	0	0				
2009	42	28	66.7	14	33	6	43	7	50	6	1	5	0	1				
2010	51	24	47.1	25	49	6	36	16	64	13	3	9	0	0				

Í ofangreindri töflu má sjá tölur yfir fjölda mála sem heimfærð hafa verið undir 194.-198. gr. alm. hgl. og bárust ríkissaksóknara undanfarin fimm ár.

Á árinu 2009 bárust 42 mál sem heimfærð voru undir ofangreind ákvæði. Af þeim voru 28 felld niður og ákæra gefin út í 14 málum. Einu máli er enn ólokið þar sem ákærði er farinn úr landi.

Á árinu 2010 bárust 49 mál sem heimfærð voru undir ofangreind ákvæði. Af þeim voru 24 felld niður og ákært í 23 málum. Rannsókn var hætt í tveimur málum.

Á árinu 2011 bárust 62 mál sem heimfærð voru undir ofangreind ákvæði. Af þeim voru 32 mál felld niður og gefin var út ákæra í 25 málum. Rannsókn var hætt í fjórum málum. Eitt mál var sent erlendis til afgreiðslu.

Kynferðisbrot (194. gr. hgl.)

Ár	Alls			Niðurfellt		Ákært		Sýknað í héraðsdómi		Sakfelld í héraðsdómi		Áfrýjað	Sýknað í Hæstarétti		Sakfelld í Hæstarétti		Ódæmt í Hæstarétti	Ólokin mál
	Fjöldi	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%		Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi		
2011	48	29	60,4	15	31	8	53,3	7	47	5	2	4	0	0				
2012	53	33	62,3	19	36	7	36,8	12	63	7	1	5	0	0				
2013	64	36	56,3	24	38	7	29,2	17	71	19	3	13	3	0				
2014	64	40	62,5	22	34	5	22,7	9	41	9	0	2	7	0				

Árið 2012 var tekin sú ákvörðun að flokka kynferðisbrotin frekar niður og eru því brot gegn 194. gr. alm. hgl. talin sér. Eru því kynferðisbrot sem varða við 198. – 199. gr. alm. hgl. talin í töflu hér fyrir neðan.

Á árinu 2012 bárust 53 mál sem heimfærð voru undir 194. gr. alm. hgl. Af þeim voru 33 mál felld niður. Gefnar voru út ákætur í 19 málum. Eitt mál var sent erlendis til afgreiðslu.

Á árinu 2013 bárust 64 mál sem heimfærð voru undir ofangreint ákvæði. Af þessum 64 málum voru 36 felld niður og gefnar voru út ákætur í 24 málum. Rannsókn var hætt í fjórum málum.

Á árinu 2014 bárust 64 mál er vörðuðu við 194. gr. alm. hgl. Af þessum 64 málum voru 40 mál felld niður, rannsókn var hætt í einu máli og ákvörðun refsingar var frestað skilorðsbundið í einu máli. Gefnar voru út ákætur í 22 málum.

Kynferðisbrot (197.-199. gr. alm. hgl.)

Ár	Alls			Niðurfellt		Ákært		Sýknað í héraðsdómi		Sakfelld í héraðsdómi		Áfrýjað	Sýknað í Hæstarétti		Sakfelld í Hæstarétti		Ódæmt í Hæstarétti	Ólokin mál
	Fjöldi	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%		Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi		
2011	9	3	33,3	5	56	2	40	3	60	3	2	1	0	0				
2012	15	3	20	11	73	1	9	10	91	3	0	3	0	0				
2013	15	2	13,3	4	27	0	0	4	100	4	0	4	0	0				
2014	15	9	60	6	40	1	16,7	4	67	2	0	1	1	0				

Á árinu 2012 bárust 15 mál sem heimfærð voru undir ofangreind ákvæði. Gefnar voru út ákætur í 11 málum. Þrjú mál voru felld niður. Einu máli var lokið með skilorðsbundinni ákærufræstun.

Á árinu 2013 bárust 15 mál sem heimfærð voru undir ofangreint ákvæði. Átta mál voru felld niður. Fallið var frá saksókn í tveimur málum og rannsókn var hætt í einu máli. Gefnar voru út ákætur í fjórum málum.

Á árinu 2014 bárust 15 mál er vörðuðu ofangreind ákvæði. Af þessum 15 málum þá voru níu mál felld niður og gefnar út ákætur í sex málum.

Kynferðisbrot (200.-202. gr. hgl.)

Ár	Alls			Niðurfellt		Ákært		Sýknað í héraðsdómi		Sakfelld í héraðsdómi		Áfrýjað	Sýknað í Hæstarétti		Sakfelld í Hæstarétti		Ódæmt í Hæstarétti	Ólokin mál
	Fjöldi	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%		Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi		
2010	53	23	43,4	23	43	5	22	18	78	5	3	2	0	0				
2011	57	23	40,4	29	51	4	14	25	86	12	4	8	0	0				
2012	72	28	38,9	39	54	7	18	32	82	20	2	18	0	0				
2013	63	27	42,9	28	44	5	17,9	23	82	14	1	13	0	0				
2014	63	34	54	18	29	1	6	14	78	2	0	1	1	2				

Í ofangreindri töflu má sjá tölur yfir fjölda mála sem heimfærð hafa verið undir 200.-202. gr. alm. hgl. og bárust ríkissaksóknara undanfarin fimm ár.

Á árinu 2010 bárust 53 mál sem heimfærð voru undir ofangreint ákvæði. Af þessum 53 málum, voru 23 mál felld niður og ákært í 23 málum. Tveimur málum var lokið með ákærufræstun. Í fimm málum var rannsókn hætt.

Á árinu 2011 bárust 57 mál sem heimfærð voru undir ofangreint ákvæði. Af þessum 57 málum voru 23 mál felld niður og gefnar út ákæru í 29 málum. Einu máli var lokið með ákærufræstun. Tveimur málum var lokið með því að hætta rannsókn, og tveimur var lokið með að falla frá saksókn.

Á árinu 2012 bárust 72 mál sem heimfærð voru undir ofangreint ákvæði. Af þessum 72 málum voru 28 mál felld niður og gefnar voru út ákæru í 39 málum. Þremur málum var lokið með skilorðsbundinni ákærufræstun. Einnig var fallið frá saksókn í tveimur málum.

Á árinu 2013 bárust 63 mál sem heimfærð voru undir ofangreint ákvæði. 27 mál voru felld niður og gefnar voru út ákæru í 28 málum. Í einu máli var fallið frá saksókn og rannsókn var hætt í sex málum. Ákvörðun refsingar var frestað skilorðsbundið í einu máli.

Á árinu 2014 bárust 63 mál sem heimfærð voru undir ofangreint ákvæði. Af þessum 63 málum, þá voru 34 felld niður og gefnar út ákæru í 18 málum. Ein ákæra var síðan afturkölluð þar sem málið var fyrnt og var það því fellt niður. Fallið var frá saksókn í einu máli. Skilorðsbundin ákærufræstun var gerð í átta málum. Enn á eftir að ljúka afgreiðslu í tveimur málum. Tvö mál eru ódæmd í héraði, og eitt er ódæmt í Hæstarétti.

Kynferðisbrot (204. gr. gáleysi sbr. 201. gr. og 202. gr. hgl.)

Ár	Alls			Niðurfellt		Ákært		Sýknað í héraðsdómi		Sakfelld í héraðsdómi		Áfrýjað	Sýknað í Hæstarétti	Sakfelld í Hæstarétti	Ódæmt í Hæstarétti	Ólokin mál
	Fjöldi	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	
2010	2	0	0	2	100	1	50	1	50	1	0	1	0	1	0	0
2011	1	0	0	1	100	0	0	1	100	1	0	1	0	1	0	0
2012	1	1	100	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
2013	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
2014	4	2	50	1	25	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0

Á árinu 2010 voru tvö mál heimfærð undir ofangreint ákvæði. Var ákært í þeim báðum.

Á árinu 2011 var eitt mál heimfært undir ofangreint ákvæði. Ákært var í málinu og var sakfelld í héraði. Málinu var síðan áfrýjað og því vísað heim í hérað. Var því áfrýjað aftur og var þá sakfelld.

Á árinu 2012 var eitt mál heimfært undir ofangreint ákvæði. Málið var fellt niður.

Á árinu 2013 barst ekkert mál sem heimfært var undir þetta ákvæði.

Á árinu 2014 bárust fjögur mál er vörðuðu ofangreint ákvæði. Tvö voru felld niður, ákært var í einu máli og gefin út skilorðsbundin ákærufræstun í einu.

Kynferðisbrot (206.gr.)

Ár	Alls			Niðurfellt		Ákært		Sýknað í héraðsdómi		Sakfelld í héraðsdómi		Áfrýjað	Sýknað í Hæstarétti	Sakfelld í Hæstarétti	Ódæmt í Hæstarétti	Ólokin mál
	Fjöldi	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	
2010	20	6	30	14	70	2	14	12	86	1	0	1	0	1	0	0
2011	5	1	20	4	80	1	25	3	75	3	1	2	0	2	0	0
2012	1	0	0	1	100	0	0	1	100	1	0	1	0	1	0	0
2013	68	35	51	33	49	0	0	33	100	0	0	0	0	0	0	0
2014	74	26	35	45	61	0	0	45	100	1	0	1	0	1	0	1

Á árinu 2010 voru 20 mál heimfærð undir ofangreint ákvæði. Gefin var út ákæra í 14 málum en sex mál voru felld niður.

Á árinu 2011 voru fimm mál heimfærð undir ofangreint ákvæði. Eitt málið var fellt niður og gefnar út ákæru í fjórum málum.

Á árinu 2012 var eitt mál heimfært undir ofangreint ákvæði. Var ákært í því máli.

Á árinu 2013 voru 68 mál heimfærð undir ofangreint ákvæði. Vörðuðu þau öll við 1. mgr. 206. gr. alm. hgl. Af þessum 68 málum voru 35 felld niður. Gefnar voru út ákæru í 33 málum.

Á árinu 2014 voru 74 mál heimfærð undir ofangreint ákvæði. Vörðuðu 72 þeirra við 1. mgr. 206. gr. alm. hgl. og tvö við 2. mgr. 206. gr. alm. hgl. Af þessum 72 málum er vörðuðu 1. mgr. 206. gr. alm. hgl. voru 25 mál felld niður og gefnar út ákæru í 45 málum. Í einu máli var rannsókn hætt og í einu var gefin út skilorðsbundin ákærufræstun. Vegna 2. mgr. 206. gr. alm., þá er aðeins búið að afgreiða annað málið með niðurfellingu en hitt er óafgreitt.

Kynferðisbrot (209. gr. hgl.)

Ár	Alls			Niðurfellt		Ákært		Sýknað í héraðsdómi		Sakfelld í héraðsdómi		Áfrýjað	Sýknað í Hæstarétti		Sakfelld í Hæstarétti		Ódæmt í Hæstarétti	Ólokin mál
	Fjöldi	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi			
2010	16	1	6	13	81	4	31	9	69	3	1	1	0	0				
2011	15	2	13,3	9	60	0	0	9	100	3	0	3	0	0				
2012	13	4	30,8	9	69	0	0	9	100	1	1	0	0	0				
2013	16	3	18,8	13	81	2	15,4	11	85	4	0	4	0	0				
2014	17	6	35,3	11	65	1	9	7		4	1	2	1	0				

Í ofangreindri töflu má sjá tölur yfir fjölda mála sem heimfærð hafa verið undir 209. gr. alm. hgl., og bærust ríkissak-sóknara undanfarin fimm ár.

Á árinu 2010 voru 16 mál heimfærð undir ofangreint ákvæði. Eitt mál var felld niður og ákært í 13. Einu máli var lokið með ákærufrestun og rannsókn var hætt í einu máli.

Á árinu 2011 voru 15 mál heimfærð undir ofangreint ákvæði. Tvö mál voru felld niður. Fjórum málum var lokið með skilorðsbundinni ákærufrestun og gefnar voru út ákærur í níu málum.

Á árinu 2012 bærust 13 mál sem voru heimfærð undir ofangreint ákvæði. Voru fjögur mál felld niður og gefin út ákæra í níu málum.

Á árinu 2013 bærust 16 mál sem heimfærð voru undir ofangreint ákvæði. Í þrettán málum voru gefnar út ákærur. Þrjú mál voru felld niður.

Á árinu 2014 bærust 17 mál er voru heimfærð undir ofangreint ákvæði. Gefin var út ákæra í 11 málum, ein ákæran var afturkölluð og fallið var frá ákærulið fyrir brot gegn 209. gr. alm. hgl., þar sem ákært var fyrir fleiri brot. Sex mál voru felld niður.

Kynferðisbrot (210. gr. hgl.)

Ár	Alls			Niðurfellt		Ákært		Sýknað í héraðsdómi		Sakfelld í héraðsdómi		Áfrýjað	Sýknað í Hæstarétti		Sakfelld í Hæstarétti		Ódæmt í Hæstarétti	Ólokin mál
	Fjöldi	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi				
2010	7	0	0	5	71	0	0	5	100	0	0	0	0	0				
2011	8	0	0	8	100	0	0	7	88	1	0	1	0	0				
2012	4	1	25	3	75	0	0	3	100	0	0	0	0	0				
2013	3	1	33	2	67	0	0	0	0	0	0	0	0	0				
2014	9	0	0	7	78	0	0	7	100	2	0	2	0	1				

Í ofangreindri töflu má sjá tölur yfir fjölda mála sem heimfærð hafa verið undir 210. gr. alm. hgl. og bærust ríkissak-sóknara undanfarin fimm ár. Algengast er að um sé að ræða brot gegn 4. mgr. ákvæðisins vegna vörslu á barnaklámi.

Á árinu 2010 bærust sjö mál sem heimfærð voru undir ofangreint ákvæði. Rannsókn var hætt í einu máli, einu var lokið með ákærufrestun og ákæra var gefin út í fimm málum.

Á árinu 2011 bærust 15 mál. Vörðuðu þau öll 4. mgr. Af þessum 15 málum var eitt mál felld niður og gefin út ákæra í 14 málum.

Á árinu 2012 bærust fjögur mál. Eitt mál varðaði 4. mgr. og þrjú mál vörðuðu 1. mgr. 210. gr. a. alm. hgl. Ákært var í þremur málum en eitt felld niður.

Á árinu 2013 bærust þrjú mál, vörðuðu þau öll 1. mgr. 210. gr. a. alm. hgl. Ákært var í tveimur málum. Eitt mál var felld niður.

Á árinu 2014 bærust 9 mál er vörðuðu 1. mgr. 210. gr. a. alm. hgl. Búið er að gefa út ákæru í sjö málum. Einu máli var lokið með að falla frá saksókn. Eitt mál er enn óafgreitt.

1.4. Tímalengd gæsluvarðhalds

Gæsluvarðhaldsúrskurðir uppkveðnir á árinu 2014 og fyrirkomulag gæsluvarðhaldsvistar.	
Fjöldi úrskurða	118
Fjöldi einstaklinga	112
Dagar í gæslu	3560

Fyrirkomulag, sbr. 1. mgr. 99. gr. laga nr. 88/2008:				
	Dagur	Meðaldagafjöldi	Lágm.	Hám.
Án skilyrða skv. 1. mgr. 99. gr.	2859	49,29	2	238
b-liðar 1. mgr. 99. gr.	51	7,29	2	15
bcde-liðir 1. mgr. 99. gr.	589	9,50	1	78
bcdef-liðir 1. mgr. 99. gr.	40	10,00	3	14
cd-liðir 1. mgr. 99. gr.	8	8,00	8	8
cdef-liðir 1. mgr. 99. gr.	7	7,00	7	7
d-liðar 1. mgr. 99. gr.	6	6,00	6	6
Samtals	3560			

Án Án takmarkana, b Einrúm, c Heimsóknarbann, d Bréfaskoðun, e Fjölmíðlabann, f Vinnubann

Um algjöra einangrun er að ræða þegar beitt er b, c, d, og e-liðum saman, en einangrun að vissu marki þegar beitt er þremur eða færri liðum.

1.5. Kærðar ákvarðanir lögreglustjóra

Alls sættu 49 mál kæru til ríkissaksóknara þar sem lögreglustjóri hafði ákveðið, að rannsókn lokinni, að höfða ekki mál með vísan til 145. gr. laga um meðferð sakamála, þ.e. það sem fram kom við rannsóknina þótti ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis. Kæruheimildina er að finna í 2. mgr. 147. gr. laga um meðferð sakamála.

Kæur á grundvelli 2. mgr. 147. gr. sml.		
Kæur	Ákvörðun felld úr gildi	Ákvörðun staðfest
49	15	33
	Kæra afturkölluð	Kæru vísað frá
	0	1
Brotflokkur	Fjöldi	
Auðgunarbrot og önnur brot er varða fjárréttindi	12	
Brot á lögum um verðbréfavíðskipti	1	
Líkamsrásir	26	
Barnaverndarmál	2	
Skjalafals	7	
Fjarskiptalög	1	
Samtals	49	

- Í fjórum málum er ákvörðun felld úr gildi og þess í stað er rannsókn hætt.
- Í einu máli eru kæru vísað frá þar sem kærufrestur er liðinn.

Alls sættu tvö mál kæru til ríkissaksóknara þar sem lögreglustjóri hafði ákveðið að falla frá saksókn með vísan til 3. mgr. 146. gr. laga um meðferð sakamála. Kæruheimildina er að finna í 2. mgr. 147. gr. laga um meðferð sakamála.

Kætur á grundvelli 2. mgr. 147. gr. sml.

Kætur	Ákvörðun felld úr gildi	Ákvörðun staðfest
2	0	2
Brotaflokkur	Fjöldi	
Þjófnaður	2	

Ríkissaksóknara bærust 123 kærumál vegna ákvarðana lögreglustjóra um að vísa frá kæru án rannsóknar eða hætta rannsókn, sbr. 4. mgr. 52. gr. laga um meðferð sakamála. Kæruheimildina er að finna í 6. mgr. 52. gr. laga um meðferð sakamála.

Kætur á grundvelli 6. mgr. 52. gr. sml.

Kætur	Ákvörðun felld úr gildi	Ákvörðun staðfest
152	48	102
	Kæra afturkölluð	Kæru vísað frá
	0	2
Brotaflokkur	Fjöldi	
Auðgunarbrot og önnur brot er varða fjárréttindi	32	
Sifskaparbrot	2	
Kynferðisbrot	25	
Líkamsrásir	15	
Rangar sakargiftir og rangur framburður	9	
Sérrefsilagabrot	29	
Skjalafals	5	
Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs	26	
Brot í opinberu starfi	5	
Annað	4	
Samtals	152	

- Í tveimur málum var ákvörðun felld úr gildi að hluta og staðfest að hluta.

1.6. Kætur samkvæmt 35. gr. lögreglulaga

Kætur samkvæmt 35. gr. lögreglulaga

Ár	Kætur alls	Niðurfelling	Fallið frá saks.	Ranns. hætt	Kæru vísað frá	Ákæra	Dómur. Sakf.	Dómur. Sýkn	Áfrýjað	Hæstir.	Óafgreitt
2010	27	9	0	14	1	3	sekt	1	0	0	0
2011	31	4	0	17	8	2	sekt	1	1	Sýkn	0
2012	30	10	1	10	9	0	0	0	0	0	0
2013	36	10	0	13	12	1	1	0	1	Sakf.	0
2014	31	6	0	7	13	2	2	0	1	Sakf.	3

1.7. Áfrýjunarmál

Útgefnar áfrýjunarstefnur á árinu 2014 voru 122 talsins í 119 málum.

Ákærvaldið hafði frumkvæði að áfrýjun í 19 málum. Þrjú málanna vörðuð kynferðisbrot. Sýkna var staðfest í tveimur þeirra og refsing staðfest í einu máli. Einum öryggisgæsludómi, vegna tilraunar til manndráps, var áfrýjað. Staðfesti Hæstiréttur dóminn. Einum sýknudómi var áfrýjað vegna manndráps af gáleysi og var refsing þyngd. Tveimur dómum fyrir líkamsárás var áfrýjað. Refsing var þyngd í öðrum en hinn var sýknudómur sem heimvísað var af Hæstarétti. Héraðsdómur sýknaði aftur og stendur sá dómur. Þremur sýknudómum er vörðuð umboðssvik var áfrýjað og var sýkna staðfest í einum, refsing þyngd í öðrum og einum var heimvísað og á enn eftir að dæma málið aftur í héraði. Einu máli er varðaði verðbréfavíðskipti var áfrýjað. Þar var refsing þyngd. Tveimur sýknudómum er vörðuð brot á reglugerð um hvíldartíma ökumanna var áfrýjað. Var sýkna staðfest í öðru málinu en hinu var heimvísað og sýknað á ný í héraði. Þremur málum vegna ölvunaraksturs var áfrýjað, þar af voru tveir sýknudómar. Hæstiréttur heimvísaði báðum sýknudómum og var þá sakfelld í héraði í báðum tilvikum. Sektardómur og svipting var staðfest í þeim þriðja. Einum sýknudómi fyrir fíkniefnaakstur var áfrýjað og var dæmd sekt og svipting.

Einum sýknudómi fyrir brot á lögum um þjóðgarða var áfrýjað og var hann staðfestur.

Einum sýknudómi var heimvísað í héraðsdóm er varðaði tilraun til smygls inn í fangelsi og var aftur sýknað í héraði.

Dómfelldu höfðu frumkvæði að áfrýjun í 100 málum en fallið var frá áfrýjun í fjórum málum. Hæstiréttur sýknaði í níu tilvikum, í 14 málum var refsing milduð, í 14 refsing þyngd og í 50 málum var niðurstaða héraðsdóms staðfest. Sex málum var heimvísað. Einu máli var vísað frá héraðsdómi og einu máli var vísað frá Hæstarétti. Í einu máli, þar sem þrjár aðilar voru ákærðir, var refsing staðfest á einn, lækkuð á annan og þyngt á einn.

Hegningarlagabrot 2014		Sérrefsilagabrot 2014	
Kynferðisbrot	22	Réttarfarssekt	2
Brot í opinberu starfi	1	Verðbréf	3
Rangar sakargiftir	1	Fyrirmæli lögreglu	9
Auðgunarbrot	18	Umferðarlagabrot	6
Líkamsárásir	20	Ölvunar-fíkniefna-lyfjaakstur	9
Fíkniefnabrot - stórfellt	4	Fíkniefnabrot	3
Manndráp, gáleysi	1	Smygl í fangelsi	1
Manndráp	1	Önnur sérrefsilög	3
Tilraun til manndráps	4		
Nálgunarbann	1	Samtals	119
Brot gegn valdstjórninni	6		
Skattalagabrot - stórfellt	4		

1.8. Sektarboð og sektargerðir

Árið 2013 varð breyting á reglugerð um lögreglustjórasetkir og tekin í notkun vettvangsskýrsla vegna umferðarlagabrot. Þá getur sá kærði undirritað skýrsla á vettvangi og er síðan sendur greiðsluseðill. Áður var sent út sektarboð í slíkum málum. Sektarboð er hins vegar enn sent út ef ekki næst í þann brotlega, t.d. vegna hraðamyndavéla.

Í árslok 2014 höfðu lögreglustjórar sent út sektarboð vegna 36.339 brota. Í sektarboðum er einvörðungu um að ræða umferðarlagabrot. Þar af höfðu 36.050 sektarboð verið greidd á árinu en það er 99% af útsendum sektarboðum í sektarboðum. Þau brot sem oftast var sektað fyrir var of hraður akstur.

Heildarfjöldi brota í sektargerðum lögreglustjóra voru 4950 í árslok. Þar af höfðu 1.823 brot verið greidd á árinu eða 36,7%. Flest brotin vörðuð umferðarlagabrot eða 2.918, þar af 862 vegna ölvunaraksturs og 729 vegna aksturs undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Alls var 1031 minniháttar brotum gegn lögum um meðferð ávana- og fíkniefna lokið með sektargerð og 101 hegningarlagabroti og var þar um að ræða 86 þjófnaðarbrot. Einnig var 900 brotum gegn öðrum sérrefsilögum lokið með sektargerð.

Það athugist að eitt sektarboð eða ein sektargerð getur falið í sér fleiri en eitt brot.



Ríkissaksóknari • Suðurlandsbraut 4 • 108 Reykjavík • sími 444 2900 • www.ríkissaksoknari.is